

## Nd. 107. Tillaga til þingsályktunar

um saltfisksveiðar togara.

Flm.: Finnur Jónsson, Emil Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að íslenskir togarar fari allir á saltfisksveiðar nú á vertíðinni að minnsta kosti 4–5 vikna tíma og að fiskur sá, er veiðist, verði að sem allra mestu leyti seldur úr landi fullverkaður.

### Greinargerð.

Saltfisksveiðar og saltfisksverkun hefir um mörg undanfarin ár verið höfuðatvinnugrein fjölda fólks, er við sjóinn býr. Þetta hefir að visu breytt nokkuð hin síðari ár, þannig að þessi atvinna hefir minnkað, en öll stund hefir verið lögð á að auka aðra atvinnu, svo sem sildveiðar, sildarverkun og hraðfrysting fisks. Saltfisksverkun er samt sem áður ennþá svo stór atvinnugrein, að mikill fjöldi manns á afkomu sína undir henni, og leggist hún snögglega niður, er ekki annað sýnna en að fjöldi fólks komist á vonarvöl. Undanfarna mánuði hafa togararnir siglt með ísaðan fisk til útlanda og flestir haft af því ágætan hagnað, en margir stórgróða. Er það vel farið, að nokkuð fáið upp í töp þeirra frá undanförunum árum, og verður að gera ráð fyrir, að þeir, sem þessum málum ráða, sjái um, að tekjunum sé þann veg varið. Hinsvegar ber þó einnig að gæta þess, svo sem áður segir, að þessi fyrirtæki hafa dregið fólkið úr sveitinni til sjávarins, og það byggir nú í ár atvinnuvonir sínar á saltfisksverkunni eins og undanfarin ár. Verður því að teljast réttmætt, að þau stuðli að því, eftir því sem geta þeirra leyfir, að atvinnurekstur þessi falli eigi með öllu niður, enda hlyti slíkt að verða þjóðarböl. Sem dæmi þess, hve hér er mikið í húfi, má benda á, að atvinnuaukningin, er af þessu leiddi, myndi sennilega nema um 50000 kr. af hverjum togara, eða alls um 1800000 kr. Ef til vill gæti komið til mála, í stað þess að togararnir færu á ísfisksveiðar, að leggja sérstakan skatt á ísfisksútflutninginn eftir verðmagni og verja fé því, er inn kæmi, til atvinnubóta og bjargráða því fólki, er áður hefir stundað saltfisksverkun. En jafnvel þó að sala saltfisks sé nokkuð óviss, telja flutningsmenn, að réttara muni að fara þá leið, er í till. greinir. Því á þann hátt myndi starfi fólksins varið til framleiðslu útflutningsverðmætis, en á því virðist meiri þörf en á vegavinnu eða annari slíkri vinnu. Vera má, að benda mætti á önnur úrræði, og eru flm. að sjálfsögðu fúsir til umræðu um hver þau ráð, er að haldi mættu koma, en telja, þar eð þegar er nokkuð áliðið þingtimans, að mál þetta þoli eigi að biða þess lengur, að úrlausna verði leitað.

Nánar í framsögu.